

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 23. ágúst 2011
1106004 IE


Efni: Umsögn um frv. til breyt. á lögum um meðferð einkamála, 568. mál, þskj. 957, lþ. 139 (gjafsókn).

Með tölvubréfi dags. 20. júní 2011 sendi allsherjarnefnd Jafnréttisstofu umsagnarbeiðni um frumvarp til breytinga á lögum um meðferð einkamála, 568. mál, þskj. 957, lþ. 139 (gjafsókn). Vegna sumarleyfa hefur dregist nokkuð að senda nefndasviði umsögn Jafnréttisstofu. Beðist er velvirðingar á því.

Jafnréttisstofa minnir á að tryggt þarf að vera að bæði konur og karlar hafi í raun sömu möguleika á því að leita réttar síns fyrir dómstólum. Jafnréttisstofa telur að það bæti réttarsöðu fólks í landinu almennt varðandi það að leita réttar síns fyrir dómstólum að gjafsóknarheimildir verði rýmkaðar með þeim hætti sem lagt er til í frumvarpinu. Segja má að það samrýmist einnig vel kröfum réttarríkisins til réttarkerfisins að gjarfóknarheimildir séu frekar rýmri en þrengri.

Jafnréttisstofa gerir ekki frekari athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,


Ingibjörg Elíasdóttir lögfræðingur